

## SAMÞYKKTIR

### fyrir styrktarsjóðinn Hofsbót.

## 1. gr.

Nafn sjóðsins er Hofsbót.

## 2. gr.

Heimilisfang og varnarþing er Kirkjugata 13, 565 Hofsósi.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja uppbyggingu íþróttahúss á Hofsósi og efla almennan áhuga fyrir íþróttum og heilbrigðu líferni.

Tilgangi þessum verður meðal annars náð með því:

Að standa fyrir skipulögðum fjársöfnunum hjá fyrirtækjum og einstaklingum.

Að skipuleggja fjáröflunarskemmtanir til ágóða fyrir sjóðinn.

Að sækja um stuðning til annarra sjóða og opinberra stofnana.

Að stofna til námskeiðahalds og mannfagnaða með áherslu á hollustu og heilbriggt líferni.

Að hvetja til almennrar íþróttaiðkunar á staðnum.

## 4. gr.

Stofnendur styrktarsjóðsins eru:

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>	<i>Framlag, kr.</i>
Valgeir Þorvaldsson	020760-5919	Vatni, 566 Hofsósi	14.000
Bjarni Þórisson	061163-3529	Mannskaðahóli, 566 Hofsósi	14.000
Védís Árnadóttir	070377-5789	Kirkjugötu 13, 565 Hofsósi	14.000
Einar Þorvaldsson	180966-4399	Sætúni 6, 565 Hofsósi	14.000
Kristján Björn Snorrason	200155-4919	Laugartúni 18, 550 Sauðárkróki	14.000
Reynir Sveinsson	060454-5319	Mýrarkoti, 566 Hofsósi	14.000
Dagmar Þorvaldsdóttir	170662-3699	Kirkjugötu 7, 565 Hofsósi	14.000
Sigmundur Jóhannesson	210865-4899	Brekkukoti, 566 Hofsósi	14.000
Elínborg Hilmarsdóttir	300158-7579	Hrauni, 566 Hofsósi	14.000
Sigurmon Þórðarson	221055-2339	Austurgötu 18, 565 Hofsósi	14.000
Finnur Sigurbjörnsson	090958-7709	Kirkjugötu 21, 565 Hofsósi	14.000
Hugljúf Pálsdóttir	120834-2909	Enni, 566 Hofsósi	14.000
Jóhannes Sigmundsson	060242-2089	Brekkukoti, 566 Hofsósi	14.000
Guðmundur Jónsson	161262-7499	Óslandi, 566 Hofsósi	14.000
Halldór Þ. Ólafsson	201234-2049	Miklabæ, 566 Hofsósi	14.000
Félagsbúið Melstað	690896-2499	Melstað, 566 Hofsósi	14.000
Sigrún Hartmannsdóttir	080826-2229	Tumabrekku, 566 Hofsósi	14.000
Þorgils Pálsson	110372-3029	Hátúni 7, 565 Hofsósi	14.000
Jónas Þór Einarsson	201265-5099	Grund 2, 565 Hofsósi	14.000
Jón Helgi Pálsson	050565-4169	Austurgötu 22, 565 Hofsósi	14.000
Bjarki Már Árnason	131078-5369	Sætúni 7, 565 Hofsósi	14.000
Jón Jóhann Jónsson	080362-5609	Suðurbraut 2, 565 Hofsósi	14.000
Páll Þorgilsson	260740-7179	Eyjarlandi, 566 Hofsósi	14.000
Pardus ehf.	450269-5579	Suðurbraut, Hofsósi	14.000
Ingibjörg Ólafsdóttir	291242-4729	Krossi, 566 Hofsósi	14.000

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>	<i>Framlag, kr.</i>
Kvennfélag Hofshrepps	291242-4729	Krossi, 566 Hofsósi	14.000
Jón Einar Kjartansson	311068-5209	Hlíðarenda, 566 Hofsósi	14.000
Lilja Á. Egilsdóttir	150528-4819	Austurgötu 3, 565 Hofsósi	14.000
Kjartan Jónsson	040741-7719	Hásæti 6A, 550 Sauðárkróki	14.000
Stefán Gestsson	250136-7499	Arnastöðum 2, 566 Hofsósi	14.000
Gestur Stefánsson	141260-3759	Arnastöðum 1, 566 Hofsósi	14.000
Sólveig Jónasdóttir	300453-5899	Stóragerði, 566 Hofsósi	14.000
Kristín Bjarnadóttir	240669-5369	Austurgötu 11, 565 Hofsósi	14.000
Ungmennafélagið Neisti	620289-2569	Túngötu 4, 565 Hofsósi	14.000
Snæbjörn Guðbjartsson	240441-3579	Sætúni 8, 565 Hofsósi	14.000
Margrét Kolka Haraldsdóttir	131148-2249	Skjaldbreið, 565 Hofsósi	14.000
Bára Björnsdóttir	220866-5569	Sætúni 2, 565 Hofsósi	14.000
Árni Björn Björnsson	290268-4439	Víkurbraut 8, 240 Grindavík	14.000
Sigríður Jónsdóttir	080349-7699	Suðurbraut 15, 565 Hofsósi	14.000
Jón Rúnar Hilmarsson	230266-5579	Austurgötu 5, 565 Hofsósi	14.000
Björn Þór Haraldsson	040935-3209	Suðurbraut 5, 565 Hofsósi	14.000
Jón Gísli Jóhannesson	260164-7169	Birkihlíð, 565 Hofsósi	14.000
Stefán Grímur Snæbjörnsson	120577-3799	Sætúni 11, 565 Hofsósi	14.000
Hjalti Þórðarson	011265-3169	Freyjugötu 26, 550 Sauðárkróki	14.000
Kjartan Þór Kjartansson	090566-5049	Tjörnum, 566 Hofsósi	14.000
Björn Björnsson	250243-3599	Öldustíg 4, 550 Sauðárkróki	14.000
Sveinn Sveinsson	260952-2429	Kirkjugötu 17, 565 Hofsósi	14.000
Sparisjóður Skagafjarðar	610269-5679	Skagfirðingabraut 9a, 550 Sauðárkróki	14.000
Meredith Helgudóttir	120858-2389	Síðu, 565 Hofsósi	14.000
Jón Guðmundsson	060431-2809	Jöklatúni 20, 550 Sauðárkróki	14.000

## 5. gr.

Stofnfé sjóðsins er 700.000 kr. að nafnverði og verður það ávaxtað með hæstu mögulegu bankavöxtum á hverjum tíma hjá Sparisjóði Skagafjarðar.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Stjórn skal kjörin til fjögurra ára í senn. Enn fremur skal kjósa með sama hætti til sama tíma allt að þrjá varamenn. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða.

Stjórn sjóðsins stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og gætir hagsmuna hennar gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið sé þess kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundir.

## 7. gr.

Stjórnin skipar með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun hans og starfskjör. Hún veitir og prókúruumboð fyrir sjóðinn.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri sjóðsins og kemur fram fyrir hans hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur sjálfseignarstofnunarinnar sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna stofnunarinnar sé með tryggilegum hætti.

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins skal kjósa löggildan endurskoðanda eða skoðunarmann og skulu þeir rannsaka reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár og eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda stjórnvaldi því er tekur við ársreikningum félaga ársreikning eða samstæðureikning sjóðsins ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn er samþykktur.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið.

## 11. gr.

Ef hagnaður verður af rekstri sjóðsins skal færa hann yfir á næsta almanaksár. Ef tap verður á rekstri hans skal niðurgreiða það með fjárframlögum næsta árs.

## 12. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum til starfsemi sinnar. Honum er heimilt að taka lán til sérstakra verkefna.

## 13. gr.

Til breytinga á samþykktum þessum þarf samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætum stjórnarfundum, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

## 14. gr.

Með tillögum um slit, skipti eða sameiningu sjóðsins við annan sjóð eða stofnun skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf samþykki aðila sem lagt hafa fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir til að ákvörðun um slit sé gild.

Sé sjóðurinn leystur upp eða sameinaður öðrum sjóði, eða annarri stofnun skal fara eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 138/1994, einkahlutafélög, með síðari breytingum, sbr. einnig XIV. kafla sömu laga, eftir því sem við getur átt.

Stjórn stofnunarinnar, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti stofnunarinnar, skal ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

## 15. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Nr. 558

5. júní 2007

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19 frá árinu 1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 5. júní 2007.*

**Ríkarður Másson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 22. júní 2007